

115. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn föstudaginn 11. desember

Fundargerð

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 13:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Þráinn Lárusson. Jóhann F. Þórhallsson oddviti Fljótsdalshrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerð 114. fundar stjórnar

Fundargerðin var lögð fram til samþykktar og verður undirrituð rafrænt.

2. Fjárhagsáætlun 2021 og starfsáætlun

Framkvæmdastjóri kynnti og lagði fram til samþykktar fjárhagsáætlun Austurbrúar 2021. Fjárhagsáætlunin er sett upp á grundvelli þeirra forsendna sem stjórn hefur unnið með á undanförunum mánuðum. Framkvæmdastjóri sagði í því samhengi ánægjulegt að segja frá því að Austurbrú hefur fengið úthlutað 30 m.kr viðbótarframlag fyrir næsta ár sem og fjármagn til nýs verkefnis „Áfangastaðurinn störf án staðsetningar“.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2021 með þeim fyrirvara að ef breytingar verða á forsendum tekna þá þurfi að yfirfara áætlunina.

Í framhaldinu kynnti framkvæmdastjóri drög að starfsáætlun Austurbrúar fyrir næsta ár. Skjalið er enn í vinnslu og verður sent á stjórn þegar það er tilbúið.

3. Starfsreglur stjórnar

Formaður lagði fram til kynningar drög að nýjum starfsreglum stjórnar. Yfirferð og umræður stjórnar um nýjar starfsreglur.

4. Önnur mál

- *Ráðningasamningur framkvæmdastjóra. Formaður fór yfir vinnu formanns og varaformanns við uppfærslu á ráðningasamningi framkvæmdastjóra. Er formanni og varaformanni falið að ganga frá samningnum og formanni að undirrita hann.*

Ekki fleiri mál. Fundi slitið kl 14:00